Halla Sæm

Bókun

Mál nr.: **2025-032-S-016 Halla Sæm SF 23**

Dagsetning: **12. júní 2025**

Staður: **Út af Höfn í Hornafirði**

Atvik: **Skipverji fótbrotnar.**

Rannsókn samkvæmt lögum nr. 18/2013 skal eingöngu miða að því að leiða í ljós orsakir samgönguslysa og samgönguatvika, en ekki að skipta sök eða ábyrgð, með það að markmiði að draga úr hættu á sams konar slysum og atvikum og afleiðingum sambærilegra slysa. Skýrslum rannsóknarnefndar um rannsókn einstakra slysa og atvika skal ekki beitt sem sönnunargögnum í dómsmálum.

Samantekt

Þann 12. júní 2025 var Halla Sæm á leið út frá Höfn í Hornafirði áleiðis á veiðar. Á einni öldunni stampaði báturinn mikið og skipstjórinn kastaðist fram úr stólnum í stýrishúsinu og slasaðist. Björgunarskipið Ingibjörg á Hornafirði var kallað út til aðstoðar og hlúði áhöfnin að hinum slasaða ásamt því að sigla Höllu Sæm til Hafnar.

Veður: Logn og ölduhæð um 2-2,5 m.

1. Helstu staðreyndir

Halla Sæm SF 23

Skipaskrár nr. 7412

Útgerð: Huldusteinn ehf.

Smíðaður: Plastverk Ísland 1995

Stærð: 5,3 BT.

Mesta lengd: 9,1 m

Breidd: 2,5 m

Vél: YAMMAR 257 kW 2003

Fjöldi skipverja: 1



2. Atvikalýsing

Þann 12. júní um kl. 04:00 lagði Halla Sæm af stað frá Höfn í Hornafirði áleiðis á veiðar.

Veður var logn en töluverð undiralda um 2-2,5 m ölduhæð og var aldan á bakborðshlið bátsins. Siglt var á 16-17 hnúta ferð.

Um kl. 05:00 var báturinn staddur um 10 sml. SA af Hornafirði. Að sögn skipstjórans kom mun stærri alda en áður höfðu komið. Þegar báturinn fór fram af öldunni tókst skipstjórinn á loft úr skipstjórastólnum og lenti illa með þeim afleiðingum að hann slasaðist á fæti. Honum tókst að komast aftur upp í stólinn og kalla á skipstjóra Birnu SF 147 sem var nálægur og hafði skipstjórinn samband við 112 fyrir hann. Björgunarskipið Ingibjörg á Hornafirði var kallað út með sex manna áhöfn og var það komið að Höllu Sæm um kl. 07:00. Skipstjóri Birnu beið nálægt Höllu Sæm þar til björgunarskipið var komið. Þrír úr áhöfn björgunarskipsins fóru um borð í Höllu Sæm og hlúðu að hinum slasaða og sigldu bátnum til Hafnar í Hornafirði.

Hinn slasaði reyndist vera öklabrotinn.

3. Niðurstöður

Ástæða slyssins var að óvænt alda lenti á bátnum sem skipstjóri sá ekki fyrir.

Samþykkt 18. september 2026.

Guðmundur Freyr Úlfarsson

Pálmi Jónsson

Jón Finnbjörnsson

Hilmar Snorrason

Hjörtur Emilsson

F.h. Rannsóknarnefndar samgönguslysa Jón Pétursson.